

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/175

2018/EES/33/22

frá 2. febrúar 2018

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum ⁽¹⁾, einkum 26. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 er kveðið á um að söluheiti brenndra drykkja í 9. flokki „ávaxtabrennivín“ þurfi að vera „brennivín“ með heiti aldins, bers eða grænmetis, sem notað er, á undan. Á nokkrum opinberum tungumálum eru þessi söluheiti þó gefin upp á hefðbundinn hátt með því að bæta viðskeyti við heiti aldinsins. Því ætti að heimila að söluheiti, sem samanstendur af heiti aldinsins ásamt viðskeyti, sé notað fyrir ávaxtabrennivín sem er merkt á þessum opinberu tungumálum.
- 2) Í nákvæmu skilgreiningunum í 10. flokki „Eplabrennivín og perubrennivín“ í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 er ekki kveðið skýrt á um möguleikann á að eima eplasítra og perusítra saman til að framleiða þennan flokk brenndra drykkja. Í sumum tilvikum verður brenndi drykkurinn þó til á hefðbundinn hátt þegar eplasítri og perusítri eru eimaðir saman. Því ætti að breyta skilgreiningunni á þessum flokki brenndra drykkja til að heimila með skýrum hætti þann möguleika að eima eplasítra og perusítra saman, ef gert er ráð fyrir því samkvæmt hefðbundnum framleiðsluaðferðum. Í þeim tilvikum er einnig nauðsynlegt að ákvarða reglur um samsvarandi söluheiti. Til að komast hjá erfiðleikum fyrir rekstraraðila er einnig viðeigandi að koma á umbreytingarákvæðum varðandi söluheiti brenndra drykkja sem voru framleiddir fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.
- 3) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað f-liðar í 9. flokki komi eftirfarandi:

„f) Söluheiti ávaxtabrennivíns skal vera „-brennivín“ á eftir heiti aldinsins, bersins eða grænmetisins, svo sem: kirsuberjabrennivín, sem einnig má nefna „kirsch“, plómubrennivín, sem einnig má nefna „slivovitz“, kirsuberjaplómu-, ferskju-, epla-, peru-, apríkósu-, fíkj-, sítrus- eða þrúgubrennivín eða önnur ávaxtabrennivín. Þetta söluheiti má gefa upp sem heiti aldinsins ásamt viðskeyti, þegar það er gefið upp á tékknesku, króatísku, grísku, pólsku, slóvakísku, slóvensku og rúmensku.

Einnig má nefna það „-wasser“ ásamt heiti aldinsins.

Heiti aldinsins má koma eitt og sér í staðinn fyrir heiti aldinsins með orðinu „-brennivín“ á eftir, en þó aðeins fyrir eftirfarandi aldin:

— kirsuberjaplómur (*Prunus domestica* L. subsp. *syriaca* (Borkh.) Janch ex Mansf.),

— plómur (*Prunus domestica* L.),

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 32, 6.2.2018, bls. 48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2018 frá 27. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar)

(1) Stjóð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

- sveskjuplómur (*Prunus domestica* L.),
- aldin jarðarberjatrés (*Arbutus unedo* L.),
- epli af yrkinu „Golden Delicious“.

Ef hætta er á að lokaneytendur skilji ekki auðveldlega eitthvert af þessum söluheitum, sem ekki inniheldur orðið „brennivín“, skal orðið „brennivín“ koma fram í merkingu og kynningum, hugsanlega ásamt skýringu.“

2) Í stað 10. flokks komi eftirfarandi:

„10. Eplabrennivín, perubrennivín og epla- og perubrennivín

- a) Eplabrennivín, perubrennivín og epla- og perubrennivín eru brenndir drykkir sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:
- i. þeir eru framleiddir eingöngu með eimingu að hámarki að 86% miðað við rúmmál af eplasítra eða perusítra þannig að eimið hafi ilm og bragð sem rekja má til ávaxtanna,
 - ii. þeir innihalda rokgjörn efni sem eru að lágmarki 200 g á hektólítra af 100% vínanda miðað við rúmmál,
 - iii. þeir innihalda að hámarki 1000 g af metanóli á hektólítra af 100% vínanda miðað við rúmmál.
- Skilyrðið sem um getur í i. lið skal ekki útiloka brennda drykki sem eru framleiddir eftir hefðbundnum framleiðsluaðferðum þar sem gert er ráð fyrir því að eplasítri og perusítri séu eimaðir saman. Í þeim tilvikum skal söluheitið vera „epla- og perubrennivín“.
- b) Lágmarksalkóhólstyrkleiki eplabrennivíns, perubrennivíns og epla- og perubrennivíns skal vera 37,5% miðað við rúmmál.
- c) Engum vínanda skal bætt við, eins og skilgreint er í 5. lið I. viðauka, hvort sem hann er þynntur eða ekki.
- d) Eplabrennivín, perubrennivín og epla- og perubrennivín mega ekki vera bragðbætt.
- e) Eplabrennivín, perubrennivín og epla- og perubrennivín mega einungis innihalda viðbættan karamellubrónan lit til litaaðlögunar.“

2. gr.

Brennda drykki, sem tilheyra 10. flokki í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008, og söluheiti þeirra, sem uppfylla kröfurnar í þeirri reglugerð þegar þessi reglugerð tekur gildi, má áfram setja á markað þar til birgðir eru uppnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.